



LANGANESBYGGÐ

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti
b.t. Hinriks Greipssonar
Skúlagötu 4
150 Reykjavík

Þórshöfn, 30. október 2013

Efni: Sérreglur Langanesbyggðar vegna Byggðarkvóta fiskveiðiársins 2012/2013

Með vísan til 2. gr. reglugerðar 665/2013 um úthlutun byggðarkvóta til fiskiskipa á fiskveiðiárinu 2013/2014 ákvað sveitarstjórn Langanesbyggðar á sveitarstjórnarfundum sínum þann 24. október 2013 að óska eftir því að ráðherra heimili sérreglur vegna sérstakra skilyrða fyrir úthlutun byggðarkvóta í Langanesbyggð.

Að gerð verði breyting á 6. gr. reglugerðarinnar

Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðarkvóta til vinnslu innan hlutaðeigandi **sveitarfélags** á tímabilinu frá 1. september 2013 til 31 ágúst 2014. Aflinn skal nema í þorskígildum talið, tvöföldu magni þess aflamarks em þau fá úthlutað samkvæmt reglugerð þessari.

Reglugerðin verði óbreytt að öðru leyti frá ráðuneytinu fyrir Bakkafjörð og Þórshöfn.

Vegna árstíðabundina sveifla í veiðum og vinnslu á uppsjávarfiski er farið fram á það við ráðherra og ráðuneytið að heimilað verði að landa til vinnslu þeim afla sem telja á til byggðarkvóta á Þórshöfn, innan sveitarfélagsins Langanesbyggðar svo hægt sé að uppfylla kröfur reglugerðarinnar um tvöföldun þess aflamarks sem þau fá samkvæmt reglugerð þessari. Það getur falist ákveðin áhætta fyrir fiskiskip á Þórshöfn að treysta á að fiskvinnslur á Þórshöfn geti ávalt tekið við botnfisk til vinnslu. Uppsjávarvinnsla getur þannig orðið þess valdandi að ekki sé unnt að vinna botnfiski á sama tíma vegna ýmissa ástæðna og við slíka óvissu geta fiskiskip á Þórshöfn ekki búið við. Til að gæta jafnræðis milli fiskiskipa og fiskvinnsla innan Langanesbyggðar er farið þess á leit við ráðherra og ráðuneyti að sama regla verði viðhöfð varðandi byggðarkvóta Bakkafjarðar þar sem frysting er ekki til staðar á Bakkafirði. Það takmarkar getu fiskvinnslu að taka á móti botnfiski alla daga, allt árið um kring á Bakkafirði. Slíkt getur orðið þess valdandi að fiskvinnsla á Bakkafirði getur ekki tekið við öllum afla til vinnslu.

Virðingarfyllt
f.h. Langanesbyggðar

Ólafur Steinarsson, sveitarstjóri